



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 4. október 2017

Stjórnvaldssekt vegna brota Kletta Capital ehf. gegn a lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Hinn 29. ágúst 2017 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 2.500.000 krónur á Kletta Capital ehf. vegna brots gegn a lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) með því að hafa móttakið og miðlað fyrirmælum um einn eða fleiri fjármálagerninga án þess að hafa til þess starfsleyfi.

Málsatvik

Klettar Capital ehf. er félag sem stofnað var í árslok 2016. Í ársbyrjun 2017 birtist frétt í fylgiriti Fréttablaðsins þar sem meðal annars var fullyrt að félagið annaðist eignastýringu. Varð það til þess að Fjármálaeftirlitið kallaði eftir upplýsingum um starfsemi félagsins.

Af svörum félagsins mátti ráða að félagið hefði á grundvelli víðtækra umboða frá einstaklingum og lögaðilum keypt og selt skráð hlutabréf og keypt í skammtímasjóðum í 27 skipti. Félagið staðhæfði að engin þóknun hefði verið greidd fyrir þjónustu félagsins. Loks sagði um viðskiptin: „Hafa viðskipti á grundvelli umboðanna átt sér stað að höfðu samráði og í kjölfar munnlegra fyrirmæla frá aðilum.“

Í mars 2017 héldu Klettar Capital ehf. úti vefsíðunni klettarcapital.is, þar sem auglýst var áratugareynsla starfsmanna félagsins á fjármálamörkuðum og það að félagið hefði verið stofnað með það að leiðarljósi að „þjóða upp á afburða þjónustu fyrir sína viðskiptavinum“. Þá var á vefsíðunni ranglega greint frá því að tiltekið verðbréfafyrirtæki og banki væru samstarfsaðilar Kletta Capital ehf.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt a lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. fttl. er móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, starfsleyfisskyld starfsemi.

Fjármálaeftirlitið byggði á upplýsingum frá Klettum Capital ehf. þess efnis að öll viðskipti hefðu átt sér stað að höfðu samráði og í kjölfar munnlegra fyrirmæla frá aðilum. Taldi Fjármálaeftirlitið að í þessu hefði falist móttaka og miðlun fyrirmæla í skilningi a liðar 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. fttl.

Þá taldi Fjármálaeftirlitið ekki efni til að fallast á þá málsástæðu félagsins að þar sem félagið hafi aflað umboða frá viðskiptavinum sínum hafi það mátt veita þjónustu sína án starfsleyfis. Fjármálaeftirlitið benti á að hvergi í lögum um fjármálafyrirtæki væri að finna ákvæði í þá átt að handhafar umboða til viðskipta væru undanþegnir því að sækja um starfsleyfi ef þeir móttaka og miðla fyrirmælum. Fengi það auk þess vart staðist að félög gætu komist hjá því að sækja um starfsleyfi með því að afla umboða frá öllum sínum viðskiptavinum.

Loks taldi Fjármálaeftirlitið að um leyfisskylda starfsemi væri að ræða, burtséð frá því hvort innheimt hefði verið þóknun fyrir hana eða ekki.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Brot gegn 3. gr. ffl., um að starfsleyfisskyld starfsemi sé stunduð án starfsleyfis, getur varðað stjórnvaldssektum og sektum og fangelsi allt að tveimur árum skv. 1. tl. 1. mgr. 110. gr. og 1. tl. 1. mgr. 112. gr. b ffl.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að fjármálastarfsemi sem stunduð er án tilskilins leyfis felur að jafnaði í sér alvarlegt brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki enda kann réttarvernd fjárfesta þar með að fara forgörðum. Þá þótti horfa til hækkunar að félagið hafði lagt nokkuð á sig til að kynna þjónustu sína, t.a.m. með því að opna vefsíðu þar sem ýjað var að því að þjónustan væri veitt í samstarfi við þekkta eftirlitsskylda aðila. Einnig var það talið auka á alvarleika brotsins að forsvarsmenn félagsins hefðu langa reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefðu þeir þar með átt að gera sér grein fyrir því að um leyfisskylda starfsemi var að ræða. Loks gekk Fjármálaeftirlitinu erfiðlega að fá gögn og upplýsingar frá félaginu. Til lækkunar kom að umfang hinnar leyfisskyldu starfsemi var lítið og stóð starfsemin yfir í skamman tíma. Þá var um fyrsta brot félagsins að ræða.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum og atvikum máls að öðru leyti þótti stjórn Fjármálaeftirlitsins sektin hæfilega ákveðin 2.500.000 krónur.